

Kling & Bang



Frá sýningu Erlings T.V. Klingenberg í Kling & Bang vorið 2020

Kling & Bang lifandi samastaður myndlistar

Kling & Bang í Marshallhúsinu er listamannarekinn vettvangur metnaðarfullra myndlistarsýninga og lifandi samastaður myndlistarmanna sem og annarra listunnenda. Mikil hefð er fyrir listamannareknum sýningarrýmum á Íslandi sem flest eru starfrækt til skemmri tíma, en Kling & Bang varð 17 ára í ár sem er óvenjulega langur tími fyrir þess háttar starfsemi og meginhluti meðlima hefur verið innanborðs í 10-17 ár. Þannig hefur safnast upp gríðarlega dýrmæt reynsla og þekking sem nýtist við gerð hvernar nýrrar sýningar í dag.

Kling & Bang leggur áherslu á að bjóða upp á faglega sýningardagskrá og velur sýningar hverju sinni eftir listrænu gildi og tilfinningu fyrir tíðaranda, takti og mikilvægi.

Kling & Bang leggur áherslu á að sýna ný-útskrifaða listamenn sem og að gefa ungum listamönnum tækifæri til að halda sína fyrstu einkasýningu á faglegum vettvangi. Í gegnum tíðina hafa margir fremstu listamenn íslenskrar myndlistarsenu sýnt í Kling & Bang og þar hafa margir stigið sín fyrstu skref. Þarna teljum við að Kling & Bang sinni sérstöku hlutverki í

íslenskri myndlistarsenu. Einnig sýna margir þaulreyndir listamenn sem eru á áhugaverðum stað í sínum ferli, auk sýningarstýrða sam-sýninga þegar tilefni þykir til. Kling & Bang leggur einnig metnað í að standa að sýningum frá erlendum vettvangi og hafa listamenn úr fremstu röð alþjóðlegu listasenu sýnt í Kling & Bang og auðgað þannig íslenskt listalíf svo um munar. Kling & Bang hefur skapað sér mjög stórt tengslanet á erlendum vettvangi og skipulagt fjölda verkefna og sýninga erlendis með íslenskum myndlistarmönnum og þannig byggt mikilvæga brú frá Íslandi til nýrra tækifæra.

Gestir, skólaheimsóknir og önnur miðlun

Aðsóknartölur hafa gjörbreyst við flutning í Marshallhúsið og komu árið 2019 9400 gestir á sýningar en frá opnun Marshallhússins hafa rúmlega 50 þúsund manns komið á sýningar og þá ekki með taldir gestir á opnunum og öðrum viðburðum á vegum Kling og Bang.

Frá því Kling og Bang flutti í Marshall húsið höfum við tekið á móti 700 nemendum í skipulagðar heimsóknir með leiðsögn auk móttöku á hópum án leiðsagnar. Við fáum reglulega heimsóknir frá nemendum Myndlistarskóla Reykjavíkur og Listaháskóla Íslands í fylgd kennara. Fjölmarginir aðrir hópar koma í skipulagðar heimsóknir með eða án leiðsagna, þar má nefna; vinnustaðaheimsóknir, félagssamtek og klúbba.



Frá sýningunni Lucky me? 2019



Frá gjörningi Ástu Fanneýjar Sigurðardóttir á Listahátíð 2018

Við leggjum metnað í að þjónusta þá sem ekki hafa tækifæri á að koma og sjá sýningar með aðgengi að upplýsingum um sýningar frá upphafi á vefsíðu okkar. Um 3000 manns víða um heim eru áskrifendur af fréttabréfi Kling & Bang og 11.500 fylgjendur á Facebook og 2000 á Instagram. Kling og Bang tekur að sjálfsögðu alltaf vel á móti hópum og öðrum þeim sem vilja kynna sér starfsemina nánar. Við kynnum einnig íslenska myndlist fyrir erlendum sýningarstjórum þegar leitað er eftir því. Sýningarrýmið er opið fimm daga vikunnar, miðvikudaga til sunnudaga frá 12 til 18 og fimmtudaga til kl. 21.

Rekstrarfyrirkomulag Kling & Bang - Blikur á lofti

Frá stofnun Kling & Bang hefur rekstrarfyrirkomulagið verið byggt á sjálfbærliðastarfi um 10 manna hóps sem sér einnig um allar ákvarðanatökur varðandi sýningar, rekstur félagsins, bókhald og utanumhald ásamt öllu sýningartengdu starfi líkt og standsetningu og viðhaldi sýningarrýmis, uppsetningu sýninga, hönnun plakata og sýningarskráa, viðhaldi og ræstingum. Þessi hópur hefur

síðan net utanaðkomandi aðila að leita til þegar þörf krefur. Starfsemin er því samstillt átak og vinnur fjöldi myndlistarmanna og annarra áhugamanna um list og menningu að framkvæmd hvernar sýningar. Kling & Bang hefur einnig verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa fjölda frábærra starfsmanna sem unnið hafa öflugt starf í galleríinu.

Árið 2020 er sérlega gleðilegt því Kling & Bang tekur í fyrsta skipti í langan tíma inn nýja meðlimi – en sjö ungir myndlistarmenn ganga nú til liðs við okkur og standa vonir til að með þeim komi ferskir vindar, nýjar hugmyndir og aukinn framkvæmdakraftur til góðra verka

Reykjavíkurborg hefur í gegnum tíðina verið helsti bakhjarl Kling & Bang, með reglulegum fjárframlögum og nú með samstarfinu um Marshallhúsið, sem óhætt er að segja að hafi auðgað menningarlíf borgarinnar svo um munar og sé öllum hlutaðeigandi til sóma.

Kling & Bang hefur einnig hlotið styrki frá Myndlistarsjóði fyrir sýningum, útgáfum og endurbótum á vefsíðu.



Frá einkasýningu Páls Hauks Björnsson

Aukin umsvif sem flutningur Kling & Bang í Marshallhúsið hafði í för með sér kallaði á það að hafa starfsmann sem gæti sinnt daglegri umsýslu, haldið utan um bókhald, svarað tölvupósti o.s.frv. Von okkar var og er að geta haft starfsmann í 100% stöðu en fjárhagurinn hefur hingað til aðeins leyft eitt 50% stöðugildi, sem meðlimir Kling & Bang hafa skipst á að sinna. Styrkur sem við höfum notið frá flutningnum í Marshallhúsið frá Thyssen-Bornemisza Art Contemporary í Vín (3-4 milljónir á ári) hefur gert okkur kleift að halda úti þessu hálfu stöðugildi, auk þess að gera okkur kleift að standa undir kostnaði við þær sýningar sem ekki hefur fengist fjármagn fyrir frá Myndlistarsjóði. Nú eru hins vegar mikil kreppa í hinum alþjóðlega listheimi vegna Covid-19 og sennilega útséð um að við njótum frekari styrkja þaðan í náinni framtíð. Þar með er bráðnaðsynlegt að við verðum okkur út um aukið fjármagn innanlands ef við eigum að geta haldið uppi starfsemi Kling & Bang.



Frá sýningu danska listahópsins A-Kassen 2019



Bliss, nýtt listaverk Ragnars Kjartanssonar sem sýnt verður 2021

Sýningardagskrá Kling & Bang 2019-2020

Framundan er fjöldi spennandi sýninga sem við munum sinna með nauðsynlegum sveigjanleika vegna farsóttarinnar. Í janúar stendur til að frumsýna nýtt 12 klst videoverk eftir Ragnar Kjartansson á samsýningu með nýjum verkum eftir Höllu Birgisdóttur, Margréti Dúadóttur Landmark og Anne Carson. Fyrsta sýning 2021 er í sýningarstjórn listamannsins Helenu Aðalsteinsdóttur sem búsett er í London og er von á mjög spennandi sýningu. Þar næst leiða Anna Hrund Másdóttir, Ragnheiður Káradóttir og Steinunn Marta Önnudóttir saman hesta sína á sýningu sem þær hafa verið að þróa í sameiningu undanfarna mánuði. Vorið gengur svo í hönd með sýninguundir stjórn Ana Bruno og Becky Forsythe.

Áfram verður unnið að Sequences listahátíðinni sem opnar 3. október 2021, meðal annars með sýningu í Kling & Bang.

Kling & Bang vinnur að stóru samstarfsverkefni undir yfirskriftinni „HEAD TO HEAD“ sem fram fer í Aþenu í 12 sýningarrýmum vorið 2021. Verkefnið er skipulagt í samstarfi A-Dash sem er listamannarekið sýningarrými, í hjarta Aþenu. „HEAD TO HEAD“ verkefnið leitast við að búa til nýjar tengingar, möguleika og sambönd landanna á milli, en bæði löndin eiga það sameiginlegt að myndlistasenu þeirra eru drifnar áfram af framtaki listamanna og listamannareknum rýmum. Verkefnið er því einstakt tækifæri til að hampa þeirri einstöku menningu og kynna íslenska myndlist.

Við höfum ákveðið að skilja eftir svigrúm í sýningardagskrá næsta árs fyrir nýja meðlimi sem við erum í þann mund að bjóða velkomna í Kling & Bang til að hafa sitt að segja í að móta dagskrána. Þegar allir vinna í sjálfböðavinnu er nauðsynlegt að geta haft sitt að segja um dagskrána svo tryggt sé að alltaf sé fólk að vinna að sýningum sem það brennur fyrir og finnst skipta raunverulegu máli.

Verkefni Kling & Bang 2019-2020

Síðastliðið ár hafa fjölbreyttar sýningar og verkefni farið fram. **Sequences hátíðin fór fram með miklum sóma haustið 2019** í sýningarstjórn Hildigunnar Birgisdóttur og Ingólfs Arnarssonar og var sett upp glæsileg sýning í Kling & Bang. Í lok nóvember opnaði **stórmerkileg sýning Lucky Me**, með þríeyki sem kallar sig Lucky 3 og eiga það sameiginlegt að vera af filippeyskum uppruna. Sýningin tókst frábærlega á við veruleika Íslendinga af blönduðum uppruna og varpaði ljósi á þátt í íslenskri menningu og veruleika sem alltof oft verður útundan. Fyrsta sýningin ársins 2020 var **samsýning finnskra listamanna** sem var nokkurs konar skiptiverkefni, en fjöldi íslenskra listamanna hélt sýningar í Finnlandi fyrir nokkru. Covid setti svo mark sitt á opnun næstu sýningar sem var **yfirlitssýning Erlings Klingenberg** og fyrsta samstarfssýning Kling & Bang og Nýlistasafnsins þar sem ein sýning er sett upp á báðum stöðum. Samkomubann brast á rétt um það leyti sem sýningin var að opna og var því aðsókn lítil sem engin fyrstu mánuðina og því brugðið á það ráð að framlengja sýninguna fram á sumarið og seinka í staðinn

Listahátíðarsýningu ársins. Þar sýndu annars vegar **Aniara Omann** og hins vegar **María Rún Þrándardóttir** verk sín. Þeirri sýningu er nú nýlukið og yfir stendur einkasýning **Unndórs Egils Jónssonar**.

Kling & Bang hlaut styrk frá **Sumarborginni 2020** til þess að vera með gjörningaveislu í formi útihátíðar við Marshallhúsið í samstarfi við Nýlistasafnið síðsumar en vegna Covid-19 varð að fresta þeim viðburði. Til stendur að halda viðburðinn í annarri mynd síðar í vetur þar sem verkefnið heldur áfram undir nafninu **Vetrarborgin 2020**.

Kling & Bang er **stofnaðili að myndlistarhátíðinni Sequences** og einn þriggja bakhjarla hátíðarinnar, ásamt Nýlistasafninu og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og á fulltrúa í stjórn Sequences og sinnir ráðningu sýningarstjóra, framkvæmdastjóra og listræns stjórnanda ásamt stefnumótun, undirbúningi og skipulagi hátíðarinnar. Ráðnir hafa verið sýningarstjórar fyrir hátíðina 2021 og er undirbúningur í fullum gangi.



Frá gjörningi Florence Lam á Listahátíð 2018



Frá sýningu Jóhannes Atla Hinrikssonar



Frá gjörningi Hannesar Lárussonar á Listahátíð 2018



Frá sýningunni Lucky me?



Skólakópur frá Borgarholtsskóla í heimsókn



Frá sýningu Aniara Omann á Listahátíð 2020



fyrir augu almennings hérlendis og opna þannig vettvang fyrir skapandi skoðanaskipti innan myndlistarinnar.

Á ári hverju útskrifar Listaháskóli Íslands um 35 myndlistarmenn og svipaður fjöldi íslenskra myndlistarmanna útskrifast erlendis. Hlutverk og stefna Kling & Bang er að þjóna þessu fólki m.a. í formi fyrstu einkasýninga og vera hvetjandi umhverfi fyrir þessa kynslóð listamanna. Hvetjandi umhverfi er að okkar mati m.a. aðstoð við framkvæmd sýninga og möguleikar á sýningaraðstöðu sem fylgt er eftir á faglegan hátt, með útgáfu og kynningu á myndlistarmanninum og hans verkum innanlands sem utan. Við höfum m.a. verið í góðu samstarfi við Listaháskóla Íslands og til fjölda ára hafði Nemendagallerí skólans aðstöðu í húsnæði á vegum Kling & Bang.

Kling & Bang gallerí hefur nú verið starfrækt í rúm 17 ár og staðið fyrir 200 myndlistarsýningum auk ýmissa viðburða og verkefna innanlands sem og erlendis á okkar eigin vegum eða í samstarfi við aðra aðila. Þar má nefna KlinK og BanK sem rekið var í samstarfi við Landsbankann í gömlum húsakynnum Hampiðjunnar við Bolholt í tvö ár. Farsælt samstarf við Listahátíð Reykjavíkur og stofnun listahátíðarinnar Sequences í samstarfi við Kynningarmiðstöð myndlistar og Nýlistasafnsins. Af verkefnum erlendis ber helst að telja Frieze

Project-Frieze Art Fair, No Soul for Sale í New York og í London / Tate modern, Subvision í Hamburg (samstarf við Deichtorhallen, Kunsthalle Hamburg og Listaakademíuna í Hamburg), Alt_Cph, Copenhagen Alternative Artfair í Kaupmannahöfn. Einnig samstarf við Truck gallerí í Calgary, NúnaNow í Winnipeg og Banff Center í Rocky Mountains í Kanada.

Á þessum 17 árum hefur Kling & Bang skapað sér fastan sess í menningarlandslagi Reykjavíkur og langt út fyrir landsteinana. Samkvæmt gestabókum og öðrum heimildum hafa rúmlega 350.000 manns sótt sýningar og viðburði þessi ár, og er þá KlinK og BanK og þátttaka í viðburðum erlendis undanskilið þeirri tölu.

Kling og Bang hefur í gegnum árin hlotið þó nokkrar tilnefningar og viðurkenningar á sviði menningarstarfssemi. Þar má nefna Menningarverðlaun DV og hefur Kling & Bang verið í fjölda skipti valið "Besta Galleríið" af Grapevine og skipað annað sætið mörg önnur ár. Frá stofnun Íslensku Myndlistarverðlaunanna hafa sýningar sem fram hafa farið í Kling & Bang verið tilnefndar til verðlauna á hverju ári. Þar má nefna sýningar Auðar Ómarsdóttur, Heklu Daggar Jónsdóttur, Sigurðar Ámundasonar og Fritz Hendrick.

**Artist-run spaces fit all kinds of models. They are testing grounds and springboards to the commercial art world. They are pockets of activity that serve particular audiences at particular times, filling gaps and holes for all that the art-world fails to provide. Sometimes they are meant to be temporary, and other times they can grow to become professionalized institutions that a later generation of artists define themselves against.*

Artist-Run Space (n.) InCUBATE. "Making-do: a pragmatist approach," Artist-run Chicago Digest, Copyright threewalls/Green Lantern press, Chicago, 2009

Saga og markmið Kling & Bang

„Kling & Bang nefnist nýtt gallerí sem opnað verður á Laugavegi 23 í dag kl. 17. Að galleríinu standa tíu myndlistarmenn: [...] Hópurinn á það sameiginlegt að vera virkir myndlistarmenn sem hafa menntast og /eða unnið bæði hérlendis og erlendis. "Markmiðið er að skapa lifandi og leiftrandi vettvang fyrir framsækna íslenska myndlist," [...] "Samstarf við erlenda listamenn og gallerí er í burðarliðnum og er ætlunin að vera stórtæk í því samstarfi. Við munum verða djörf í verkefnavali og með óvæntum nýjungum skapa spennu í lista- og menningarlífið og lýsa eins og kyndill í ljósaskiptunum." – Morgunblaðið, 16. maí 2003

Kling & Bang er listamannarekinn sýningarvettvangur (Artist-run Space) sem stofnað var til árið 2003 af listamönnum til að þjónusta listamenn og myndlistar- og menningarsenu Reykjavíkurborgar og Íslands. Hvatinn að stofnun Kling & Bang var skortur á vettvangi fyrir yngri kynslóðir listamanna til sýningarhalds sem byggðu á faglegum grunni og samtali. Umhverfi fyrir framsækna og frjálsa listsköpun sem staðsetur sig á brún grasrótartinnar en þjónar jafnframt sem farvegur og brú fyrir listamenn í átt til rótgrónari stofnanna.

Kling & Bang var stofnað til að auka faglegt samtali og skapa fjölbreyttari möguleika til sýningarhalds á myndlist í Reykjavík.

Listrænt markmið Kling & Bang er að koma á framfæri upprennandi íslenskum listamönnum sem starfa innanlands eða á erlendum vettvangi. Við höfum einnig lagt metnað okkar í að kynna alþjóðlega samtímalist og listamenn, bæði vel þekktu sem og rísandi hæfileika. Við höfum einbeitt okkur að því að koma á framfæri myndlistarmönnum sem sjaldan hafa komið